

REGLUR

UM HÆFI LYKILSTARFSMANNA ARCTICA FINANCE HF.

RULES

ON THE ELIGIBILITY OF ARCTICA FINANCE HF.'S KEY EMPLOYEES

1 Markmið / Objective

- 1.1 Arctica Finance hf. („Arctica“) leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk á vegum Arctica búi yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin, og að starfsfólki sé kunnugt um þær reglur og verkferla sem fylgja skal.
- 1.2 Markmið reglna þessara er að draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu Arctica, með lágmarkskröfum um hæfi tiltekinna lykilstarfsmanna, en eðli máls samkvæmt eru gerðar strangari kröfur til þeirra en annarra starfsmanna sem um leið eykur trúverðugleika þeirra.
- 1.3 Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna, og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 247/2017, um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila.
- 1.4 Um hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna gilda ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 150/2017, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

- 1.1 *Arctica Finance hf. (“Arctica“) places strong emphasis on employing personnel with the skills, knowledge and expertise necessary for the discharge of the responsibilities allocated to them, and ensuring all employees are familiar with applicable rules and procedures.*
- 1.2 *The aim of these rules is to reduce Arctica’s operational and reputational risks by means of minimum requirements regarding the eligibility of certain key employees, who are naturally subject to stricter requirements than other employees, which in turn increases their credibility.*
- 1.3 *The rules are set on the basis on Act no. 161/2002, on Financial Undertakings, and the guidelines of the Financial Supervisory Authority no. 3/2010, on the eligibility of key employees, and the rules of the Financial Supervisory Authority no. 247/2017, on loans and equivalent exposure of a financial undertaking to its related parties.*
- 1.4 *The rules of the Financial Supervisory Authority no. 150/2017, on the execution of evaluation of eligibility of a chief executive officer and board members of financial undertaking, apply to the evaluation of eligibility of the Chief Executive Officer and Board Members.*

2 Lykilstarfsmenn Arctica / Key Employees of Arctica

- 2.1 Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Arctica.
- 2.2 Að mati stjórnar Arctica teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna:¹
 - Framkvæmdastjóri

¹ Hugtakið lykilstarfsmaður er skilgreint þröngt í lögum um fjármálafyrirtæki. Að mati Arctica eru fleiri starfsmenn sem gegna lykilhlutverki í framtíðarþróun Arctica og gerir Arctica sambærilegar hæfiskröfur til þessara starfsmanna, jafnvel þótt þeir falli utan gildissviðs þessara reglna.

- Aðstoðarframkvæmdastjóri
- Forstöðumaður Eignastýringar
- Forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar
- Forstöðumaður Markaðsviðskipta

2.3 Stjórn sker úr um vafaatriði hvort starfsmaður eigi að teljast lykilstarfsmaður eða ekki.

2.1 *According to Paragraph 1, Article 1a, Item 7 of the Act no. 161/2002, on Financial Undertakings, a key employee is defined as a person in a managerial role, other than the Chief Executive Officer, who is authorized to make decisions that can influence the future development and results of Arctica.*

2.2 *In the opinion of the Board of Directors of Arctica, the following parties are always considered to be key employees:²*

- *Chief Executive Officer*
- *Assistant Executive Officer*
- *Managing Director of Wealth Management*
- *Managing Director of Corporate Finance*
- *Managing Director of Capital Markets*

2.3 *In case of doubt, the Board of Directors decides whether an employee should be considered a key employee or not.*

3 Sérstaða lykilstarfsmanna / Special Status of Key Employees

3.1 Auk reglna þessara, gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. reglur nr. 247/2017 og ákvæði 2. mgr. 29. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Verklagsreglur – Reglur Arctica um aðskilnað starfssviða og öryggis- og samskiptareglur.
- Reglur Arctica um verðbréfaviðskipti starfsmanna.
- Takmarkanir á starfslokasamningum, sbr. 57. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3.1 *In addition to these rules, the following special rules apply to key employees:*

- *Limitations on loans and equivalent exposure to key employees and parties closely related to them, cf. rules no. 247/2017 and Paragraph 2 Article 29a of the Act no. 161/2002, on Financial Undertakings.*
- *The Rules on Procedures – Arctica's rules on separation of divisions, security and communication.*
- *Arctica's Rules on Employees' Securities Transactions.*
- *Limitations on severance agreements, cf. Article 57b of the Act no. 161/2002, on Financial Undertakings.*
- *The annual accounts shall specify the number of key employees, in addition to information on the total payments and fringe benefits they receive, cf. Article 87, Paragraph 3 of the Act no.*

² *According to the Act on Financial Undertakings, the term Key Employee is defined narrowly. Arctica considers more employees to play a key role in Arctica's future, and has similar standards with regards to their eligibility, even though they may fall outside the scope of these rules.*

161/2002, on Financial Undertakings.

4 Hæfisskilyrði / Conditions of Eligibility

4.1 Lykilstarfsmaður skal ætíð uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Búa yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem lykilstarfsmanni eru falin. Í því sambandi skal menntun og starfsferill viðkomandi kannaður og árangur hans í fyrri störfum. Lykilstarfsmaður sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skal hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.
- Hafa óflekkað mannorð og ekki hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu 10 (tíu) árum fyrir refsiverðan verknað, eða hafa sýnt af sér aðra háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa viðskiptahætti hans eða siðferði.
- Vera lögráða og fjárhagslega sjálfstæður og má ekki á síðustu 5 (fimm) árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota.

4.2 Verði breytingar á högum eða stöðu lykilstarfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi hans, ber honum skylda til að tilkynna tafarlaust um slíkt til framkvæmdastjóra eða regluvarðar.

4.3 Starfsmaður skal ekki talinn hæfur lykilstarfsmaður og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Arctica, ef vafi leikur á því hvort hann uppfyllir framangreind skilyrði, eða það sé mat stjórnar eða framkvæmdastjóra að hann auki rekstrar- og/eða orðsporsáhættu Arctica.

4.1 *A key employee shall fulfil the following conditions at all times:*

- *Possess sufficient skills, knowledge and expertise to perform the tasks assigned to the key employee. In relation hereto, the education and career of the said person shall be looked into as well as his/her achievements in his/her previous employments. A key employee who oversees daily operations related to transactions with financial instruments shall have passed an examination in securities trading.*
- *Have an unblemished reputation and may not have, in connection with business operations, been convicted in the past 10 (ten) years of a punishable act, or have conducted himself/herself in any manner which would give cause to doubt his/her business practices or moral standing.*
- *Be of legal age and financially independent, and not to have been declared bankrupt in the past 5 (five) years.*

4.2 *If the circumstances of a key employee change in a way that may affect his/her eligibility, he/she shall notify the Chief Executive Officer or the Compliance Officer without delay.*

4.3 *An employee shall not be considered an eligible key employee and shall not be authorized to make decisions that may influence the future development and the financial results of Arctica, if there is any doubt that he/she fulfils the aforementioned conditions, or if the Board of Directors or the Chief Executive Officer believes he/she may increase Arctica's operational risk and/or reputational risk.*

5 Mat á hæfi / Evaluation of Eligibility

5.1 Fjármálaeftirlitið metur hæfi framkvæmdastjóra og stjórnar Arctica. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn og ber ábyrgð á störfum þeirra og metur hæfi lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóra er heimilt að fela regluverði eða hæfum utanaðkomandi aðila að framkvæma mat á hæfi.

5.2 Mat á hæfi skal að jafnaði fara fram áður en ráðið er í starf lykilstarfsmanns, auk þess sem að öllu jöfnu framkvæma skal nýtt hæfismat við flutning í starfi teljist störfín ekki sambærileg. Ef aðili hefur áður sætt hæfismati hjá Arctica má taka tillit til þess við síðari hæfismöt.

5.3 Við mat á því hvort aðili uppfylli hæfisskilyrði 4. gr. reglna þessara skal fara fram bæði hlutlægt og

huglægt mat á viðkomandi. Hlutlægt mat felst m.a. í að kanna hvort að aðili uppfylli skilyrði um lögræði, menntun og hreint sakarvottorð. Huglægt mat felst m.a. í að leggja mat á hvort menntun, og starfsreynsla viðkomandi aðila hæfi þeirri stöðu sem um ræðir, sem og leggja mat á þekkingu, fjárhagslegt sjálfstæði og mannorð viðkomandi aðila.

- 5.4 Meta skal starfsferil lykilstarfsmanns með tilliti til þess hvort hann hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis. Meta skal framangreind atriði út frá því hvort að viðkomandi aðili geti gegnt stöðu sinni á trúverðugan og forsvarslegan hátt, sem og út frá orðsporsáhættu og hvort fyrri háttsemi sé til þess fallin að draga í efa hæfni viðkomandi aðila eða að hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða Arctica.
- 5.5 Þekking og skilningur lykilstarfsmanns á lögum og reglum fjármálamarkaðarins skal könnuð. Meta skal hvaða efnisatriði skuli lögð til grundvallar hverju sinni og umræðu- og/eða prófsefni valin. Framkvæmd hæfismats samkvæmt ákvæði þessu getur farið fram með munnlegu og/eða skriflegu prófi og/eða með fundi með viðkomandi lykilstarfsmanni. Viðkomandi lykilstarfsmaður skal upplýstur með hæfilegum fyrirvara um próf eða fund, sem og um þau viðfangsefni sem nauðsynlegt er að viðkomandi kunni skil á. Eftir slíkt próf eða fund skal lagt mat á hvort lykilstarfsmaður hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem til skoðunar hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með hliðsjón af hæfisskilyrðum laga og reglna þessara.
- 5.6 Lykilstarfsmanni er skylt að veita allar upplýsingar, sem Arctica metur nauðsynlegar til að framkvæma hæfismat eða endurmat á því, t.d. afhenda sakavottorð, skuldbindingayfirlit, skattskýrslur, yfirlit yfir verðbréfavíðskipti o.fl. Arctica og þeim er sinna hæfismati fyrir Arctica er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um allar upplýsingar sem lykilstarfsmaður afhendir á grundvelli reglna þessara og skulu þær upplýsingar einvörðungu vera aðgengilegar framkvæmdastjóra, regluverði og þeim er framkvæmir hæfismatið, auk innri og ytri endurskoðendum og opinberum eftirlitsaðilum.

- 5.1 *The Financial Supervisory Authority evaluates the eligibility of the Chief Executive Officer and Arctica's Board Members. The Chief Executive Officer hires all other employees and is responsible for their work and evaluates the eligibility of key employees. The Chief Executive Officer may entrust the Compliance Officer or a qualified party outside Arctica with executing an evaluation of eligibility.*
- 5.2 *Evaluation of eligibility shall generally be executed prior to a key employee being hired, and a new evaluation of eligibility shall generally be carried out if a key employee is transferred within Arctica and the jobs are not considered compatible. If a party's eligibility has been evaluated previously, the results may be considered before conducting another evaluation.*
- 5.3 *When evaluating whether a party fulfils the conditions of eligibility in Article 4 of these rules, a subjective as well as an objective evaluation shall be made of the party in question. A subjective evaluation entails, inter alia, examining whether a party fulfils conditions on legal age, education and clean criminal record. An objective evaluation entails, inter alia, evaluating whether the education and job experience of the respective party suits the position in question, as well as evaluating the knowledge, financial independence and reputation of the same.*
- 5.4 *The career of a key employee shall be evaluated with respect to whether him/her having been subject to an investigation by an official supervisory authority, whether legal proceedings have been started against him/her, whether complaints have been fairly filed against him/her with regard to regulated operations, whether he/she was a manager of a company which has become bankrupt and whether he/she has been fired due to his/her actions or lack thereof. The aforementioned issues shall be evaluated on the basis of whether the respective party is able to perform his duties in a credible and acceptable way, as well as considering risks related to reputation and whether past conduct is likely to discredit the respective party's eligibility or that he/she will possibly misuse his/her situation or discredit Arctica.*

- 5.5 *The key employee's knowledge and understanding of the relevant laws and rules of the financial market shall be reviewed. It shall be assessed which subjects are relevant in each case, and topics and/or exam agenda shall be chosen. The execution of an evaluation of eligibility in accordance with this paragraph can be done by way of an oral and/or written exam and/or a meeting with the respective key employee. The respective key employee shall be informed with suitable notice of an exam or meeting, as well as those topics which are necessary for the respective party to be familiar with. After such an exam or meeting an evaluation shall be made on whether the key employee has enough knowledge and understanding of those laws and rules which have been under consideration and whether he/she is considered eligible in other respects considering conditions of eligibility according to law and these rules.*
- 5.6 *A key employee is obliged to provide any information, which Arctica deems necessary in order to execute an evaluation of eligibility or a re-evaluation thereof, e.g. a criminal record certificate, summary of obligations, tax reports, summary of securities transactions etc. Arctica and those who evaluates the eligibility of key employees for Arctica are obligated to keep all information, provided by the key employee in accordance with these rules, strictly confidential. All such information shall only be available to the Chief Executive Officer, the Compliance Officer and those who execute the evaluation, as well as Arctica's external and internal auditors and public supervisory authorities.*

6 Niðurstöður hæfismats / Results of Evaluation of Eligibility

- 6.1 Framkvæmdastjóri skal eins fljótt og við verður komið tilkynna viðkomandi lykilstarfsmanni og regluverði skriflega hvort lykilstarfsmaður hafi staðist hæfismat. Niðurstaðan skal vistuð hjá regluverði ásamt viðeigandi gögnum.
- 6.2 Hafi lykilstarfsmaður ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu, s.s. á þeim lögum og reglum sem til umfjöllunar voru, er framkvæmdastjóra heimilt að gefa honum kost á því að endurtaka matið innan fjögurra vikna frá því niðurstaða liggur fyrir. Hafni lykilstarfsmaður því að endurtaka mat eða standist hann ekki endurtekið hæfismat telst viðkomandi lykilstarfsmaður þá ekki hæfur í viðkomandi starf hjá Arctica.
- 6.1 *The Chief Executive Officer shall as soon as possible notify in writing the respective key employee and the Compliance Officer as to whether the key employee has passed the evaluation of eligibility. The results, along with relevant data, shall be stored by the Compliance Officer.*
- 6.2 *If a key employee has not demonstrated sufficient knowledge, such as regarding the law and rules which were the subject of discussion, the Chief Executive Officer is authorized to give him/her an opportunity to repeat the evaluation within 4 (four) weeks from the time the results are in. If the key employee declines to undergo a re-evaluation or if he/she does not pass a re-evaluation of eligibility, then the respective key employee is considered as ineligible for the position in question at Arctica.*

7 Þátttaka lykilstarfsmanna í stjórnun og atvinnurekstri / Key Employees' Participation in Management and Business

- 7.1 Um þátttöku starfsmanna Arctica í stjórnun og atvinnurekstri er fjallað í reglum Arctica um þátttöku starfsmanna í stjórnun og atvinnurekstri og gilda þær reglur einnig um aðkomu lykilstarfsmanna.
- 7.1 *The participation of Arctica's employees in management and business is covered in Arctica's Rules on Employees' Participation in Management and Business and those Rules also apply to the participation of key employees.*

8 Vanhæfi lykilstarfsmanna við meðferð einstakra mála

- 8.1 Lykilstarfsmönnum er óheimilt að taka þátt í meðferð máls innan Arctica er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í, nema um sé að ræða dótturfélag Arctica. Sama gildir

um þátttöku lykilstarfsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega. Þegar lykilstarfsmaður tekur til starfa skal hann gera regluverði grein fyrir þeim aðilum sem hann tengist með þeim hætti sem að framan greinir. Einnig skal lykilstarfsmaður tilkynna regluverði um allar breytingar sem verða á lista yfir þá aðila sem honum tengjast.

8.1 *Key employees are not authorized to participate in the handling of a case within Arctica if it has to do with their own private business or transactions, or companies which they own a qualified holding in, are board members of, are leading figures at or otherwise have a considerable interest in, unless it is a subsidiary of Arctica. The same applies to the participation of key employees in the handling of a case concerning parties that are connected to them, personally or financially. When a key employee starts work with Arctica he/she shall inform the Compliance Officer about those parties which he/she is connected with in the manner described above. Furthermore, the key employee shall inform the Compliance Officer of all changes that occur on the list of parties that are connected to him/her.*

9 Lykilstarfsmaður með réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli / Key Employee with the Legal Status of a Suspect in a Court Case

9.1 Lykilstarfsmanni ber að tilkynna framkvæmdastjóra eða regluverði fái hann réttarstöðu grunaðs, s.s. samkvæmt lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Með réttarstöðu grunaðs er verið að veita aðilum rétt til að svara ekki spurningum um ætlaða refsiverða háttsemi sem hann er sakaður um, en viðkomandi hefur ekki á þeim tímapunkti hvorki verið ákærður né dæmdur.

9.2 Framkvæmdastjóri og regluverður skulu meta stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns innan Arctica með það fyrir augum hvort víkja eigi honum úr starfi, senda hann í leyfi eða aðhafast ekkert. Við slíkt mat skal m.a. litið til stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns innan Arctica og alvarleika hins meinta brots, sem og orðspor Arctica.

9.1 *A key employee is obliged to notify the Chief Executive Officer or the Compliance Officer if he/she has (been given) the legal status of a suspect in a court case in accordance with Act no. 88/2008, on Criminal Procedure. If given the legal status of a suspect, the party is not bound to answer questions on an alleged punishable conduct of which he/she is accused, as at that time this party has neither been indicted (by a court) nor received sentence in this case.*

9.2 *The Chief Executive Officer and the Compliance Officer shall assess the position of the respective key employee within Arctica, and decide whether or not to dismiss him/her from his/her position, grant him/her leave from his/her work, or not to react as such. Their assessment shall for instance take note of the position within Arctica of the key employee in question, the seriousness of the alleged offence as well as the reputation of Arctica.*

10 Skráning lykilstarfsmanna / The Registration of Key Employees

10.1 Regluverður skal halda skrá yfir lykilstarfsmenn.

10.2 Regluverður skal halda utan um þau gögn sem aflað er vegna hæfismats lykilstarfsmanna, þ. á m. innra mat Arctica á hæfi viðkomandi.

10.1 *The Compliance Officer shall keep a record of key employees.*

10.2 *The Compliance Officer shall oversee the data acquired in relation to the eligibility test for key employees, including the Arctica's internal assessment of the eligibility of the person in question.*

11 Gildistaka / Effective Date

11.1 Reglur þessar öðlast þegar gildi.

11.2 Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Arctica ásamt lista yfir lykilstarfsmenn.

11.1 *These rules enter into force immediately.*

11.3 *These rules shall be published on the Arctica's website as well as a list of key employees.*

Samþykkt á fundi stjórnar þann 1. febrúar 2013 og breytt þann 1. september 2014 og 2. október 2017.
Approved on a Board of Directors meeting on 1 February 2013 and amended on 1 September 2014 and 2 October 2017.

María Rúnar
Þórir Kjartansson